



Fræðslunetið sýmenntun á Suðurlandi

## 125. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sýmenntunar á Suðurlandi, 13. des.

2016 kl.16.30, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Elín Einaradóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Magðalena K. Jónsdóttir boðaði forföll.

1. Drög að fjárhagsáætlun 2017 lögð fram. Stjórn lýsir áhyggjum yfir því að 10 milljóna viðbótarframlag sem Fræðslunetið hefur fengið undanfarin ár úr Ríkissjóði sé ekki inni í fjárlögum 2017, sem liggja nú fyrir á Alþingi.
2. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um 7-9% hækkun launa til verktaka í kennslu.
3. Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndavinnu sína varðandi mögulega samvinnu við Háskólafélagið. Einnig fyrir tekið minnisblað frá stjórn Háskólafélagsins frá 12.12.2016 varðandi fyrrgreindar hugmyndir Fræðslunetsins um aukna samvinnu. Stjórn Fræðslunetsins styður aukna samvinnu milli Fræðslunetsins og Háskólafélagsins og felur framkvæmdastjóra og starfsfólki að skoða slíka möguleika á grunni fyrrgreindra hugmynda. Framkvæmdastjóri gerir svo stjórn grein fyrir framgöngu samvinnunnar fyrir 1. júní 2017.
4. Bréf stjórnar Fræðslunetsins til fjárlaganefndar lagt fram til kynningar.
5. Fréttir úr starfinu kynntar af framkvæmdastjóra.
6. Önnur mál
  - a. Árborg ætlar að ljúka framkvæmdum á lóð Fjölheima á næstu tveimur árum.

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir

Laufey Ósk  
for  
Elín Einaradóttir  
Sigursveinn Sigurðsson